

Fundargerð 966. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, miðvikudaginn 19. febrúar kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Hildur Björnsdóttir boðaði forföll en ekki náðist að boða varafulltrúa í hennar stað.

Að auki sátu fundinn Inga Rún Ólafsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Valgerður Rún Benediktsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Staða kjaramála - 2406015SA

Rætt um stöðu kjaraviðræðna Sambandsins við Kennarasamband Íslands.

Berglind Eva Ólafsdóttir, Bjarni Ómar Haraldsson, Margrét Sigurðardóttir og Saga Guðmundsdóttir starfsmenn Sambandsins, Ástráður Haraldsson og Bára Hildur Jóhannesdóttir frá Ríkissáttasemjara og Kolbeinn Guðmundsson og Haukur Þór Haraldsson frá Reykjavíkurborg sátu fundinn undir þessum lið.

Stjórn fundaði með ríkissáttasemjara sem fór yfir drög að mögulegri innanhússtillögu. Stjórn hugnaðist ekki að óbreyttu sú leið sem ríkissáttasemjari lagði upp með og fól formanni stjórnar og formanni samninganefndar að koma þeim skilaboðum á framfæri við ríkissáttasemjara.

Fundi var slitið kl. 09:16